

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2002

11. október 2002

1799

Nr. 697

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkuráli.

1. gr.

Frá og með 14. október 2002 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði í Víkuráli, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 04'00 N – 26° 29'00 V
2. 66° 00'00 N – 26° 26'00 V
3. 65° 49'00 N – 26° 57'00 V
4. 66° 00'00 N – 26° 50'00 V

Þrátt fyrir ofangreint bann eru veiðar heimilar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. október 2002.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.